



Minnisblað starfsmanna

Móttakandi: Velferðar- og mannréttindaráð Akraneskaupstaðar

Varðandi: Akstursþjónusta Akraneskaupstaðar 2024

Málsnúmer: 2401211

Dags.: 13. september 2024

Málsaðili: Akraneskaupstaður

Lagagrunnur

Akstursþjónusta hjá Akraneskaupstað er veitt á grundvelli reglna um akstursþjónustu Akraneskaupstaðar fyrir fatlað fólk frá 2021, með lagastoð í 29. gr. laga um félagssþjónustu nr. 40/1991, 20. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Akstursþjónusta fatlaðs fólks á Akranesi er gjaldfrjál, þar sem almenningssamgöngur eru gjaldfrjálsar í bæjarfélaginu.

Akstursþjónusta fyrir eldra fólk er veitt á grundvelli reglna sveitarfélagsins þar um frá 2021. Akstursþjónusta til handa eldra fólki er ekki bundin í lög. Sveitarfélagið hefur því tekið afstöðu til þess að veita þá þjónustu til eldra fólks, umfram lögbundnar skyldur.

Þjónustan

Akstursþjónusta hefur ekki verið veitt eftir kl. 18:00 á virkum dögum, sem skapað hefur vanda fyrir fatlað fólk sem sinnir til að mynda tómstundastarfi eftir þann tíma.

Samþykkt var í nýjum reglum um akstursþjónustu Akraneskaupstaðar að niðurgreiða allt að tíu ferðir á mánuði með leigubifreið utan skilgreinds þjónustutíma akstursþjónustunnar. Viðmið ferðafjölda átti að taka mið af þörfum hvers og eins. Markhópurinn var fyrir 67 ára og yngri.

Þessi nálgun virist aldrei hafa komist til framkvæmda, að stærstum hluta fyrir þær sakir að leigubílar á Akranesi væru mest megnis að sinna akstri í Reykjavík og því ekki tiltækir.

Þróun þjónustunnar

Október 2022 - Á fundi um ferðapjónustu fatlaðra og aldraðra í var rætt um þá stöðu að ekki væri unnt að afgreiða umsóknir um akstursþjónustu, þar sem ferðapjónusta fatlaðra (Höfði) væri þegar fullnýtt og gæti því ekki bætt við sig þjónustuþegum. Rætt um þann möguleika að bifreið í Fjöliðju gæti til að mynda sinnt akstri starfsmanna til og frá Fjöliðju um hádegisbilið, eða á þeim tíma sem mestur þungi er í akstursþjónustunni. Þeim möguleika einnig velt upp að samið yrði við leigubíla um ákveðinn akstur. Greindi Kjartan frá hárri bilanatíðni bifreiðar á Höfða sem væri bæði kostnaðarsöm fyrir bæjarfélagið og þjónustunni ekki til framdráttar.



Janúar 2023 - Fundur um ferðapjónustu fatlaðra og aldraðra. Til lausnar á akstursþjónustu var farin sú leið að fá starfsmenn í stuðnings- og stoðþjónustu til að sinna akstri sem ferðapjónustan komst ekki yfir, þá aðalega í sjúkrapjálfun/endurhæfingu. Rætt var um mikilvægi fjölgunar bifreiða í þjónustunni sem og að endurnýja bifreið Höfða, í ljósi vaxandi viðgerðarkostnaðar. Það myndi einnig kalla á aukningu stöðugilda, úr einu í tvö.

Febrúar 2023 - Starfsmaður sagði upp samningi vegna aksturs á heimsendum mat, sem sveitarfélagið greiddi mánaðarlega kr. 417.408 fyrir. Kvað starfsmaður greiðslur sveitarfélagsins vegna verkefnisins vera það lágar og verkefnið það smátt að umfangi, að það kæmi betur út fjárhagslega að aka leigubíl á höfðuborgarsvæðinu. Gengið var frá nýju samkomulagi við viðkomandi starfsmann, í gegnum Hreyfil, á grundvelli rammasamnings við Hreyfil, kr. 649.600.

Einnig var samið við sama starfsmann að sinna akstri sem hin hefðbundna akstursþjónusta kæmist ekki yfir og skipuleggja það í kringum akstur á heimsendum mat. Reynslan af því fyrirkomulagi sýnir að ekki verður byggt á því til framtíðar.

Apríl 2024 – Starfsmaður akstursþjónustunnar á Höfða hætti störfum vegna aldurs. Ákvörðun tekin um að fara heildrænt yfir akstursþjónustuna og framkvæmd hennar til framtíðar. Framkvæmdastjóri Höfða hefur gengið frá tímabundinni ráðningu vegna akstursþjónustunnar til áramóta.

Framkvæmd 2023-2024

Framkvæmd þjónustunnar er með þrennskonar hætti:

1. Akstursþjónusta veitt frá Höfða (Ferðapjónusta fatlaðra)
2. Samkomulag við Hreyfil- rammasamningur
 - a. Heimsending matar
 - b. Akstur sem Höfði nær ekki að sinna
3. Starfsmenn stuðnings- og stoðþjónustu
4. Fjöliðjan – Tilfallandi akstur og föst verkefni
 - a. Akstur í námskeið á vegum Símenntunar
 - b. Atvinnupátttaka utan veggja Fjöliðju
 - c. Akstur með mat frá Garðaseli í Fjöliðjuna
 - d. Akstur með mat frá Höfða á Dalbraut 4
 - e. Tímabundinn stuðningur við ferðapjónustuna á álagstíma mánudaga og miðvikudaga, með því að aka starfsmönnum Fjöliðju til síns heima að vinnudegi loknum.



Kostnaður

Taflan hér að neðan tekur saman heildarkostnað við akstursþjónustu, eins og hún hefur verið framkvæmd á Akranesi 2023-2024, utan kostnaðar við rekstur bifreiðar í Fjöliðju, sem sinnt hefur ákveðnum þáttum sem falla undir akstursþjónustu.

Stór kostnaðarliður akstursþjónustunnar snýr að viðhaldi bifreiða, sem eru í eigu sveitarfélagsins. Bifreið Höfða hefur undanfarin ár undirgengist margar viðgerðir og kostnaður hlaupið á milljónum, að viðbættum kostnaði vegna leigu á öðrum bíl, á meðan viðgerð stendur. Á árinu 2024 hefur bílinn verið frá í á annan mánuð vegna viðgerða upp á 2,1 m.kr. Leigubifreið yfir það tímabil kostar um 1 m. kr.

Tímabil- 12.mán	Ferðapjónusta- Ferðir	Dagdvöl	Heimsendur matar - Skammtar	Höfði íbúar - Ferðir	Hreyfill- HM	Annar akstur- leigubíll kostnaður	Annar akstur- starfsmenn st.- stoð.- fjöldi	kostnaður	Samtala
1	690	992	521	9	12	20.094	40	88.440	
2	602	992	415	9	8	11.869	38	84.018	
3	760	992	466	9	36	130.433	45	99.495	
4	431	992	418	9	60	256.196	46	101.706	
5	495	992	597	9	76	287.662	48	106.128	
6	410	992	529	9	68	273.636	40	88.440	
7	156	992	554	9	47	188.713	35	77.385	
8	374	992	548	9	52	256.060	45	99.495	
9	276	992	563	9	55	182.544	27	59.697	
10	533	992	563	9	55	182.544	35	77.385	
11	687	992	561	9	55	182.544	35	77.385	
12	526	992	529	9	55	182.544	35	77.385	
Heildarfjöldi	5.940	11.900	6.264	104	579	579	469	469	26.304
Heildar kostnaður	21.595.065	7.058.699	7.795.200			2.155.418		1.037.428	39.641.810
Kostnaður pr.ferð	3.636	593	1.244	0	0	3.723	0	2.212	

Aðgengi að þjónustu

Fyrir liggur að þegar breyting verður á aðgengi eldra fólks að þjónustu á borð við sjúkraþjálfun á Höfða, þá eykur það þörf á akstursþjónustu. Þessari aukningu getur ferðapjónustan, að óbreyttu, ekki mætt. Er þetta fyrirkomulag ekki síst óheppilegra fyrir fólkið sjálft sem þarf að fara úr dagdvöl til að sækja sjúkraþjálfun annars staðar í bænum. Aukin heldur kemur þetta niður á skipulagi, þar sem dagdvölin eða akstursþjónustan getur ekki haft áhrif á tímasetningar sjúkraþjálfunar.

Aðstaðan á Höfða býður hins vegar upp á þann möguleika fyrir utanaðkomandi sjúkraþjálfara að leigja þar aðstöðu. Það fyrirkomulag væri langsamlega besta þjónustuformið.

Forsendur áframhaldandi ferðapjónustu frá Höfða

Ljóst er orðið að komið er að endurnýjun á núverandi bifreið ferðapjónustu sem er frá árinu 2017 og er keyrð um 145.000 km.

Ferðapjónustan horfir til þess að keyptar verði tvær bifreiðar af Benz Sprinter gerð enda hafa þær bifreiðar reynst vel í rekstri ferðapjónustunnar og í akstursþjónustu dagdvalar Höfða.



Haft hefur verið samanband við Öskju varðandi þá kosti sem í boði eru.

Í boði eru bæði rafmagns (eSprinter) og dísel útfærslur af Sprinter. Rafmagns útgáfan er bara til í sendibílaútfærslu og þarf því að ráðast í frekari breytingar á rafmagnútgáfunni en dísel.

Gróf kostnaðaráætlun varðandi breytta eSprinter-81 kWh bifreið er um kr. 17.400.000 með vsk og vörugjöldum. Vörugjöld fást niðurfelld en ekki liggur fyrir hvaða fjárhæð þau nema.

Einnig var kannað verð á minni bifreið, af gerðinni Benz eVito, sem tekur 9 farþega í sæti. Verð á slíkri bifreið er um 14,5 mkr.

Höfða ber að fara eftir innkaupareglum ríkisins og er viðmiðunarfjárhæð vegna skyldu til útboðs innanlands, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um opinber innkaup um 22,2 mkr. að teknu tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs. Þá er verið að miða við kaup án vsk.

Þegar farið var í endurnýjun á núverandi bifreið ferðapjónustu árið 2017 var gerð ítarleg verðkönnun innanlands og var bifreiðaumboðum boðin þátttaka í henni. Þátttakan olli vonbrigðum og einungis eitt tilboð barst. Því er ekki talið að verðkönnun/útboð sé heppilegur kostur við endurnýjun á bifreið ferðapjónustunnar.

Ef til kemur að teknar verði í notkun tvær bifreiðar til að sinna núverandi ferðapjónustu þarf að auka um 1 stöðugildi við akstur.

Ef hinsvegar er horft til þess að sameina núverandi ferðapjónustu við akstur Höfða með þjónustuþega dagdvalar er hægt að bæta núverandi Benz Sprinter bifreið Höfða við þá þjónustu og yrðu þá þrjár bifreiðar í notkun. Slíkt myndi kalla á að bæta við 0,5 til 1 stöðugildi bifreiðastjóra. Heildarfjöldi stöðugilda yrði því um 2,5 til 3.

Samantekt

Í þessari yfirferð hefur verið stiklað á stóru um framkvæmd akstursþjónustu hjá Akraneskaupstað. Nauðsynlegt er að finna þjónustunni giftusamlegra fyrirkomulag en ríkt hefur undanfarin ár og þá helst að tryggja að öll akstursþjónusta verði í höndum eins aðila sem heldur utan um allt skipulag framkvæmd. Yrði það til hagsbóta fyrir þjónustuþega og ekki síður starfsfólk stuðningsþjónustunnar, sem nánast daglega stendur frammi fyrir áskorunum við að finna leiðir til að veita þjónustuna. Markmiðið er því að bæta þjónustuna með því að færa hana undir einn framkvæmdaraðila með skýra ábyrgð og virkt eftirlit að leiðarljósi.

Virðingarfyllt,

Hildigunnur Árnadóttir

sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs



Kjartan Kjartansson

Framkvæmdastjóri Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis